



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

77. fundur

**Fundur haldinn í Almanna- varnanevnd Suðurnesja utan Grindavíkur, fimmtudaginn
5. febrúar 2026 kl. 11:30 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja BS. að Flugvöllum 33,
Reykjanesbæ.**

Mætt voru: Magnús Stefánsson varaformaður (Suðurnesjabær), Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (Reykjanesbær), Guðrún P. Ólafsdóttir (Sveitarfélagið Vogar), Eyþór Rúnar Þórarinnsson(BS), Arnar Steinn Elísson (framkvæmdastjóri almanna- varnanevndar) og Margrét Kristín Pálsdóttir (LSS).

Auk þess sátu fundinn Eðvarð Atli Bjarnason (svæðisstjórn sv2), Guðlaug Rákel Guðjónsdóttir (HSS) og Guðbergur Reynisson (RKÍ).

Forföll boðaði Sveinbjörn Indriðason (Isavia).

Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Varaformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Viðbragðsáætlun vegna eldgosa á Reykjanesi til samþykktar.

Arnar Steinn kynnti viðbragðsáætlun vegna eldgos á Reykjanesi. Um er að ræða uppfærða áætlun. Áætlunin lögð fram til samþykktar. Áætlunin er samþykkt samhljóða.

2. Samantekt á tölfræði aðgerða 2025 innan umdæmis.

Verkefnastjóri fór yfir tölfræði ársins 2025 en almanna- varnarstig hefur í umdæminu 365 daga á árinu 2025 og AST verið virkt á stað eða bakvakt allan tímann. Helstu tölur ársins 2025 eru eftirfarandi:

- Stofnaðar eru 30 aðgerðir í aðgerðagrunni almanna- varna
- Stofnaðar eru 45 aðgerðir í aðgerðagrunni Landsbjargar
- Stofnaðar eru 1 aðgerð í aðgerðagrunni lögreglu

Inn í tölfræði vantar aðgerðir sem stofnaðar eru af LHG.

Úr aðgerðagrunni almanna- varna:

- Sautján aðgerðir eru virkjanir á flugslysaáætlun á Keflavíkurflugvelli
- Tvö eldgos voru á árinu og stofnaðar aðgerðir í kringum það eru sjö
- Tvisvar sinnum voru flóðavarnir í Grindavík settar upp og stofnað aðgerðir í kringum það

- Ein aðgerð tengt sjávarflóðum í Suðurnesjabæ
- Ein aðgerð vegna virkjunar á CBRNE áætlun
- Fjórum sinnum var AST virkjað vegna ófærðar eða veðurs

Úr aðgerðagrunni Landsbjargar:

- Tvær aðgerðir innan umdæmis í leitir
- Fjórar aðgerðir vegna slasaðra eða örmagna á gossvæði
- Fimm aðgerðir vegna aðila í geðrænum vanda
- Tvær aðgerðir vegna annara slasaðra einstaklinga annarstaðar en á gossvæði
- Ein aðgerð vegna neyðarsendis í gangi/eftirgrennsln
- Sex aðgerðir vegna óveðurs eða ófærðar
- Ein aðgerð vegna viðbragðs við Kleifarvatn
- Tólf aðgerðir vegna vélavana sjófars
- Tólf aðgerðir vegna æfingar, gæslu eða annars

Inn í þessar tölur vantar þær aðgerðir sem eru utan umdæmis og leitað var aðstoðar björgunarsveita af svæðinu út fyrir svæðið.

Þess má geta að í eldgosinu sem var þann 1 apríl 2025, voru 144 einstaklingar skráðir inn aðgerðina sem þátttakendur í aðgerðargrunn og í eldgosinu í júlí 2025 voru 83 einstaklingar skráðir sem þátttakendur í aðgerðina. Eldgosið sem hófst þann 1. apríl stóð stutt yfir eða í 8 klst. en eldgosið þann 16. júlí stóð lengur yfir eða í 20 daga.

3. **Erindi um innviðahóp til innviðaráðuneytis.**

Erindið er lagt fram til upplýsinga en bréf var sent til Innviðaráðuneytisins í janúar varðandi skipan í innviðahóp vegna náttúruvá á Reykjanesi. Bæjarstjóri sveitarfélagsins Voga fylgdi erindinu eftir.

4. **Staða mála frá verkefnastjóra (Almyrkvi frá sólu m.a).**

Arnar Steinn fór yfir verkefnastöðuna. Almyrkva verkefnið er farið vel af stað á okkur svæði, miðað við annarsstaðar á landinu. Allir 35.000 bílaleigubílar landsins er leigðir og allt gistirympi á vestanverðu landinu er pantað fyrir utan eitt herbergi. Gert er ráð fyrir því að 35 skemmtiferðaskip verða staðsett í línunni vestan við landið. Jafnframt fór Arnar Steinn yfir stöðuna á vettvangsbifreiðinni Gosa.

Nefndin ræddi jafnframt stöðuna á söfnunarsvæði slasaðra á svæði Isavia og æfinguna Norðurvíkingur sem verður haldinn um mánaðarmótin ágúst og september.

5. **112 dagurinn og opið hús í AST.**

Þann 11.febrúar er opið hús í slökkvistöðinni, þ.m.t. AST frá kl. 16:00 til kl. 18:00 í tilefni 112 dagsins.

6. **Erindi frá Almannavarnadeild RLS um áfallaþol (Dagný Jónsdóttir, Jóhann B. Skúlason og Runólfur Þórhallsson).**

Dagný fór yfir forsögu málsins og sagði frá helstu verkefnum deildarinnar. Runólfur tók við og fór yfir helstu ógnanir að mannavöldum almennt talið, þá sérstaklega á Suðurnesjum.

Almannavarnarnefndin kom á framfæri ósk sinni um að eiga fulltrúa í innviðahópi sem á að skipa í Innviðaráðuneytinu (sjá lið 3). Gert er ráð fyrir að innviðahópurinn verði starfandi í nokkur ár en gert er ráð fyrir því að fyrstu gagnaskil verða í haust. Jafnframt verða mikilvægir innviðir kortlagðir.

Einnig var ítrekað mikilvægi þess að vinna vel saman að undirbúningi aðgerða í tengslum við almyrkva í ágúst. Nefndin lagði auk þess áherslu á að vinna þétt saman þegar kemur æfingum t.d. CERTIS og Norðurvíkingur svo dæmi séu tekin.

Almannavarnarnefnd Suðurnesja utan Grindavíkur þakkar fulltrúum góða kynningu og hlakkar til samstarfsins.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 13:01.